

Borgarstjórn Reykjavíkur
7. mars 2023

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stýrihóp um þróun og uppbyggingu lífsgæðakjarna fyrir eldri Reykvíkinga

Borgarstjórn samþykkir að skipa stýrihóp um áframhaldandi þróun og uppbyggingu á lífsgæðakjörnum fyrir eldri Reykvíkinga.

Stýrihópnum verði falið skoða þá lífsgæðakjarna sem nú er starfræktir í borginni og þá sem eru fyrirhugaðir. Einnig skal stýrihópurinn meta hvernig hægt er að styðja betur við fjölbreytta húsnæðiskosti eldra fólks. Nauðsynlegt er einnig að leggja mat á framtíðareftirspurn húsnæðis eldra fólks og þá lýðfræðilegu þróun sem er framundan til næstu 25 ára. Þá skal hópurinn leggja fram hugmyndir eða tillögur að því hvar í borgarlandinu væri hægt að skipuleggja ný svæði fyrir lífsgæðakjarna.

Erindisbréf hópsins, sem 3 kjörnir fulltrúar skulu skipa, skal kveða á um að samráð verði haft við félag eldri borgara og þá aðila sem sinna þessari starfsemi núna, þá skulu velferðar- og umhverfis- og skipulagssvið styðja við starf stýrihópsins.

Stýrihópurinn skal skila niðurstöðum og tillögum eigi síðar 1. september 2023.